

Ár 2021, þriðjudaginn 7. desember, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 3/2021:

## Handknattleiksdeild Umf. Selfoss

gegn

Stjórnunni, handknattleiksdeild

og

Handknattleikssambandi Íslands

Málið dæmir Grímur Sigurðsson.

Mál þetta var höfðað með kæru dagsettri 29. nóvember 2021 og móttakin á skrifstofu HSÍ sama dag. Fékk kæran skjalnúmerið 1.

Þann 30. nóvember 2021 skilaði kærði greinargerð til dómstólsins og fékk hún skjalnúmerið 2. Sama dag skilaði stjórn HSÍ athugasemdum um málið og fengu þær skjalnúmerið 3.

Þann 2. desember 2021 skilaði kærandi uppfærðri kæru sem fékk skjalnúmerið 4.

Þann 3. desember 2021 var haldið þinghald í málinu og ákveðið að málið skyldi flutt skriflega. Síðar sama dag skilaði kærandi viðbótargreinargerð á grundvelli 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ sem fékk skjalnúmerið 5. Var málið í kjölfarið dómtekið.

Frammi liggja dómskjöl merkt 1-5.

### Dómkröfur

Kærandi gerir þær kröfur **aðallega** að úrslit leiks Stjórnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna, sem fram fór 28. nóvember 2021, verði ákveðin 29-29 en **til vara** að leikurinn verði dæmdur ógildur og skuli leikinn aftur.

Kærði gerir þær dómkröfur að úrslit leiksins samkvæmt endanlegri leikskýrslu dómara verði látin standa óhögguð.

Handknattleikssamband Íslands gerir þær dómkröfur að kostnaður sem kunni að hljóta af endurtekningu leiksins skuli borinn af kærða Stjórnunni, handknattleiksdeild.

### Málsatvik

Þann 28. nóvember 2021 fór fram leikur Stjórnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna í handknattleik. Leikurinn fór fram á heimavelli Stjórnunnar U.

Pegar um 20 mínútur lifðu leiks skoraði Stjarnan U mark nr. 17 og dæmdu dómarrar leiksins markið löglegt. Þrátt fyrir það var markið ekki fært á skortöflu leiksins og var staða skoraðra marka í leiknum upp frá því og allt til leiksloka röng á skortöflunni.

Pegar leiknum lauk sýndi skortafla að Stjarnan U hefði skorað 29 mörk og Selfoss 29 mörk. Áður en dómarrar leiksins luku við að fylla út og undirrita leikskýrslu sannreyndu þeir með yfirferð myndbandsupptöku af leiknum að skortafla hafði sýnt ranga stöðu skoraðra marka í leikslok og að rétt úrslit leiksins væru að Stjarnan U hefði skorað 30 mörk en Selfoss 29. Voru úrslit leiksins skráð með þeim hætti í leikskýrslu.

### **Málsástæður aðila**

Kærandi heldur því fram að framkvæmd leiksins brjóti í bága við lög HSÍ um framkvæmd leiks. Með því að skrá ekki mark á skortöflu eftir að dómari staðfesti markið hafi kærði brotið gegn reglu 9:2 í „Leikreglum IHF“, íslenskri þýðingu HSÍ, útgefnum 2016, en í athugasemd við reglu 9:2 segi: „Skrá ætti mark á skortöflu um leið og það hefur verið staðfest af dómurum.“

Í inngangi leikreglna IHF segi jafnframt: „Leikreglur, athugasemdir, IHF bendingar, skýringar á leikreglum og reglur um skiptisvæði eru allt hluti af heildarreglunum.“ Einnig vísar kærandi til þess að í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót segi: „Aðildarfélag HSÍ sem sjá um framkvæmd leikja, skulu í einu og öllu fara eftir leikjaskrá og handbók leikja útgefnum af mótanefnd HSÍ.“ Í Handbók leikja í meistaraflokki 2021-2022 útgefni af mótanefnd HSÍ 9. september 2021 segi á blaðsíðu 4 um leikklukkuna: „Leikkluokka. Á leikkluokku skulu leiktími, skor og brottvísunartímar sjást skýrt og greinilega allan leikinn á báðum klukkum (undantekning í leikhléum). LED skjáum í íþróttahúsum landsins hefur fjölgað undanfarin ár og bjóða þeir uppá ótal möguleika með grafík á skjánum (leikklukkunni) á meðan leik stendur, þar verður sérstaklega að passa uppá þessi atriði. Ath að ekki er nóg að eingöngu annar skjárin sýni áður upptalin atriði.“

Að mati kæranda telji hann ljóst að mistök sem þessi hafi mikil áhrif á það hvernig leikurinn spilast og hvaða ákvarðanir séu teknar í leiknum af þátttakendum hans, hvort sem það eru leikmenn eða þjálfarar. Sé það á færi dómstóls HSÍ skv. 45. gr. laga HSÍ að komast að þeirri niðurstöðu að m.a. dæma leiki ógilda, láta endurtaka þá eða dæma um úrslit þeirra.

Í lok leiks hafi staðan verið 29-29 samkvæmt skortöflu íþróttahússins og samkvæmt ritara leiksins. Nauðsynlegt sé fyrir þátttakendur leiksins að geta treyst því að við lok leiks sé rétt staða á skortöflunni og því sé farið fram á að sú staða verði látin standa. Óeðlilegt sé að hægt sé að breyta niðurstöðu leiksins rúmlega tveimur klukkutímum eftir að honum lýkur með yfirferð dómara á myndbandsupptöku.

Til vara fer kærandi fram á að leikurinn verði dæmdur ógildur og hann skuli leikinn aftur. Fallist dómstóllinn ekki á að úrslit leiks við lok hans séu staðfest þá sé það krafa kæranda að leikurinn verði spilaður aftur enda ómögulegt að segja til um hvernig leikurinn hefði spilast hefði rétt staða verið á skortöflu. Ljóst sé að umrædd mistök hafi haft mikil áhrif á leikinn.

Í greinargerð kærða segir að kærði harmi það að þessi mistök hafi verið gerð í leiknum og að kærði eigi sér ekki málsbætur aðrar en þær að sjálfbóðaliðar sem fáist til starfa á leikjum séu fáir og ungir að árum. Álag í tengslum við framkvæmd leikja, samhliða öðru annríki, hafi leitt til mistakanna. Hins vegar byggji kærði á því á því að sannarlega skoruð mörk skuli standi. Í því felist að niðurstaða málsins eigi að ráðast af því hversu mörg lögleg mörk dómamarar leiksins dæmdu og hver úrslit leiksins voru samkvæmt endanlegri leikskýrslu, en ekki af því hvað skráð var á skortöflu.

Í athugasemdum stjórnar HSÍ segir að dómamarar í umræddum leik hafi haft samband við framkvæmdastjóra HSÍ eftir að leiknum lauk, í kjölfar þess að athugasemdir hafi komið fram frá kærða við lokatölur samkvæmt skortöflu (29-29), þar sem talið var að leikurinn hafi endað 30-29 Stjórnunni U í vil. Af því tilefni hafi framkvæmdastjóri HSÍ benti dómurunum á að yfirfara myndband af leiknum sem lá fyrir og sannreyna lokatölur. Eftir að hafa yfirfarið leikinn á myndbandi hafi dómamarar komist að þeirri niðurstöðu að lokatölur væru 30-29 Stjórnunni U í vil og skráð þau úrslit á leikskýrslu.

Sé það í samræmi við verklag sem viðhaft hafi verið hjá Evrópska handknattleikssambandinu eftir leik Litháen og Íslands í undankeppni HM þann 8. júní 2018. Sá leikur hafi endað 27-26 samkvæmt skortöflu, Litháen í vil, en forsvarsmenn HSÍ hafi gert athugasemd við eftirlitsmann og dómara strax eftir leik þar sem ábending hafði borist um að það hefði gleymst að færa löglega skorað mark á Ísland. Dómamarar og eftirlitsmaður hafi farið yfir leikinn á myndbandi og komist að þeirri niðurstöðu að leikurinn hefði sannarlega endað 27-27 og voru það skráð úrslit leiksins í leikskýrslu. Rétt sé þó að taka fram að þessi niðurstaða hafi ekki verið kærð til dómstóla.

Í viðbótargreinargerð kæranda kemur fram að málavextir sem raktir séu í athugasemdum stjórnar HSÍ séu ekki alveg réttir. Samkvæmt frétt á heimasíðu HSÍ sem birtist 8. júní 2018 á slóðinni <https://www.hsi.is/a-landslid-karla-l-islenskur-sigur/> komi fram að mark hafi verið skráð á Litháen þegar dæmdur hafi verið ruðningur í leiknum. Hafi þessi mistök ekki verið leiðrétt á meðan á leik stóð og var því röng staða á skortöflu leiksins í leikslok. Svipi þetta til málsatvika í kærumáli Stjórnunnar gegn KA/Þór fyrir á þessu ári. Í því máli hafi áfrýjunardómstóll HSÍ dæmt að ekki væri tæk niðurstaða að ákvarða tiltekna lokaniðurstöðu í umræddum leik og þannig dæma um úrslit hans. Umrædd mistök hafi verið gerð í fyrri hálfleik og útilokað fyrir dómstóla að meta hvernig leikurinn hefði spilast ef ekki hefði komið til þeirra. Að mati kæranda geti framkvæmd EHF á leiðréttingu í leik Litháen og Íslands ekki verið fordæmisgefandi enda hafi það mál ekki verið rekið fyrir dómstólum. Einnig stangist sú niðurstaða á við dóm áfrýjunardómstóls HSÍ í kærumálinu nr. 1/2021.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur deiluaðila lýtur fyrst og fremst að túlkun á reglum 17:11 í leikreglum IHF og 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og aðstoðarmenn. Í grein 17:11 leikreglna IHF segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum séu endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglurnar. Í 16. gr. reglugerðar um dómara og eftirlitsmenn segir að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni.

Af ákvæðunum má ráða að mat dómara á því sem gerist á leikvellingum verður ekki endurskoðað. Hins vegar megi „áfrýja“ ákvörðunum sem ekki eru „í samræmi við leikreglurnar“. Í orðalaginu felst að skjóta má ákvörðunum, sem eru andstæðar leikreglum og/eða varða framkvæmd leiks, en fela ekki í sér mat á staðreyndum, til úrlausnar dómstóla HSÍ, sbr. til hliðsjónar niðurstöðu áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2021.

Í máli þessu er óumdeilt að mistök voru gerð við skráningu löglega skoraðra marka á skortöflu. Þegar um 20 mínútur lifðu leiks dæmdu dómara leiksins löglega skorað mark Stjörnunnar U sem ekki var fært á skortöflu af ritara leiksins. Eftir það var staða skoraðra marka ranglega skráð á skortöflu til leiksloka. Að sama skapi er óumdeilt að dómara leiksins kynntu sér framvindu leiksins á myndbandsupptöku eftir lok hans, staðreyndu að mistök hefðu verið gerð við skráningu marka á skortöflu og skráðu rétt úrslit leiksins í leikskýrslu.

Við mat á því hvers eðlis mistökin eru sem gerð voru verður að líta til þess að þau voru ekki hluti af dómgaeslu leiksins heldur ákvörðun sem var tekin á ritaraborði. Dómara leiksins leiðréttu mistökin með því að skrá rétt úrslit leiksins í leikskýrslu, sem framkvæmdaraðili leiksins í skilningi 10. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót fyllir út en dómara bera ábyrgð á, sbr. grein 17.10 leikreglna HSÍ. Að þessu leyti eru málsatvik ósambærileg atvikum í máli því sem dæmt var af áfrýjunardómstól HSÍ þann 15. apríl 2021 í málinu nr. 1/2021. Í því máli rataði röng skráning marka á skortöflu inn í endanlega og undirritaða leikskýrslu dómara. Í dóminum segir: „Undirritun leikskýrslu sem hafði þennan annmarka felur í sér ákvörðun sem var ekki í samræmi við leikreglurnar.“

Samkvæmt reglu 17.8 í leikreglum HSÍ eru báðir dómara ábyrgir fyrir skráningu marka. Verður að telja það eina af frumskyldum dómara að halda utan um, sannreyna og tryggja að úrslit leiks séu réttilega skráð, bæði á meðan á leik stendur og eins eftir leik þegar leikskýrsla er fyllt út og undirrituð. Dómara í leik Stjörnunnar U og Selfoss undirrituðu leikskýrslu sem ekki hafði annmarka. Úrslit leiksins, samkvæmt löglega dæmdum mörkum á meðan á leik stóð, voru réttilega skráð í leikskýrslu. Ekki verður því talið að undirritun leikskýrslunnar feli í sér ákvörðun sem ekki var í samræmi við leikreglurnar.

Eftir stendur að meta hvort röng skráning marka á skortöflu feli í sér ákvörðun sem ekki er í samræmi við leikreglurnar og megi þar af leiðandi skjóta til dómstóla HSÍ.

Ákvæði um skortöflu, sem einnig er nefnd leikklokka, eru á ýmsum stöðum í lögum og reglum HSÍ. Við reglu 9.2 í leikreglum HSÍ, sem fjallar um með hvaða hætti dómara leiksins skulu dæma

mark, er svohljóðandi athugasemd: „Skrá ætti mark á skortöflu um leið og það hefur verið staðfest af dómurum.“ Í inngangi reglnanna er tekið fram að athugasemdir teljast hluti af heildarreglum.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn er svohljóðandi ákvæði um ritara og tímaverði: „Félög sem taka þátt í efstu deild mfl. karla og kvenna er skylt að hafa lágmark 4 starfsmenn, sem hafa tekið námskeið í ritara- og tímavörslu. Þessir starfsmenn ásamt virkum B og C-stigs dómurum eru þeir einu sem geta starfað sem ritara- og tímaverðir í efstu deild meistaraflokks karla og kvenna. Félag skal tilnefna aðila til að sjá um að þessir starfsmenn þekki vel til verka og sé kynnt reglulega leiðbeiningar um störf þeirra.“ Ekki er að sjá að sambærilegar kröfur séu gerðar til starfsmanna sem sjá um ritun og tímavörslu í öðrum deildum og flokkum innan keppna HSÍ, þ.m.t. í Grill66 deild meistaraflokks kvenna. Telja verður þó að reglan veiti vísbendingar um mikilvægi þess að ritara og tímaverðir búi almennt yfir nægilegri reynslu og þekkingu til að framkvæma starfann.

Í 10. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót er svohljóðandi ákvæði: „Framkvæmdaaðili, þ.e. félag sem á heimaleik eða félag sem hefur umsjón með móti, skal fylla út leikskýrslu að leik loknum þ.e. skrá úrslit, mörk, áminningar, brottvísanir og útilokanir sem og annað er tilheyrir leikskýrslu. Að því loknu skal framkvæmdaraðili afhenda dómurum leikskýrsluna til yfirferðar og undirritunar.“

Í Handbók leikja í meistaraflokki 2021-2022 segir: „Leikklukka. Á leikklukku skulu leiktími, skor og brottvísunartímar sjást skýrt og greinilega allan leikinn á báðum klukkum (undantekning í leikhléum). LED skjáum í íþróttahúsum landsins hefur fjölgað undanfarin ár og bjóða þeir uppá ótal möguleika með grafík á skjánum (leikklukkunni) á meðan leik stendur, þar verður sérstaklega að passa uppá þessi atriði. Ath að ekki er nóg að eingöngu annar skjárinn sýni áður upptalin atriði.“ Samkvæmt 3. mgr. 13. gr reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót skal aðildarfélag sem sér um framkvæmd leikja fara í einu og öllu eftir leikjaskrá og handbók leikja útgefnum af mótanefnd HSÍ.

Af framangreindum ákvæðum um ritara, skortöflu og leikklukku er ljóst að mati dómsins að skráning á fjölda löglega skoraðra marka telst hluti af leiknum og þar með framkvæmd hans. Er þá fyrst og fremst vísað til athugasemdar við ákvæði 9.2 í leikreglum HSÍ, sem er hluti af heildarreglum, þar sem segir að skrá ætti löglega skorað mark á skortöflu um leið og það hefur verið staðfest af dómurum. Aðrar reglur sem vísað er til að framan hafa það að markmiði að tryggja að starfsmenn leiks hafi þjálfun og aðgang að tækjabúnaði sem sé til þess fallinn að uppfylla framangreindar kröfur um skráningu dæmdra marka á skortöflu. Þá leiðir það ótvírætt af Handbók leikja í meistaraflokki, sem gildir um framkvæmd leiksins sem um ræðir í máli þessu, að á leikklukku bar að færa löglega skoruð mörk. Röng skráning skráðra marka á skortöflu í lengri tíma, sem nemur allt að þriðjungi leiktímans, þar með talið í lok leiks, telst því að mati dómsins hluti af framkvæmd leiks sem bera má undir dómstóla HSÍ.

Kærandi krefst þess aðallega að úrslit umrædds leiks verði leiðrétt og þau ákvörðuð 29-29. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að löglega skorað mark Stjörnunnar U var ekki skráð á skortöflu þegar um 20 mínútur liðu leiks. Samkvæmt 45. gr. laga HSÍ geta dómstólar HSÍ í dómsniðurstöðum m.a. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra. Að mati

dómsins er það ekki tæk niðurstaða að ákvarða tiltekna lokaniðurstöðu í umræddum leik andstætt löglega dæmdum mörkum, sbr. til hliðsjónar dóm áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2021. Verður aðalkröfu kæranda því hafnað.

Kærandi krefst þess til vara að leikurinn verði endurtekinn og telst það á færi dómstóla HSÍ að kveða á um slíka niðurstöðu. Að mati dómsins verður ekki komist að slíkri dómsniðurstöðu nema sýnt sé að þeir vankantar sem voru á framkvæmd leiksins hafi haft áhrif á úrslit hans.

Í áður nefndu máli sem dæmt var af áfrýjunardómstól HSÍ nr. 1/2021 hafði hin ranga skráning á skortöflu þær afleiðingar að úrslit leiksins voru ranglega skráð í leikskýrslu. Mistökin höfðu því afgerandi áhrif á úrslit þess leiks og var ekki hjá því komist, að mati áfrýjunardómstólsins, að endurtaka leikinn. Þeirri aðstöðu er ekki fyrir að fara í þessu máli, þar sem úrslit leiksins voru réttilega skráð í leikskýrslu. Mistökin höfðu því engin áhrif á endanlega niðurstöðu leiksins samkvæmt leikskýrslu. Ekki verður því talið að endurtaka beri leikinn af þeim sökum að skráning á skortöflu hafi leitt til rangra úrslita samkvæmt leikskýrslu.

Eftir stendur að meta hvort leikurinn hefði spílast með öðrum hætti ef skortafli hefði sýnt rétta talningu löglega skoraðra marka allan leikinn. Er því haldið fram af kæranda að leikmenn og aðrir þátttakendur hefðu tekið aðrar ákvarðanir um framgang leiksins ef svo hefði verið.

Í því sambandi skal tekið fram að röng skráning á skortöflu verður ekki ein og sér talin fela í sér sönnun fyrir því að leikurinn hefði spílast með öðrum hætti. Gera verður ráð fyrir því að leikmenn og aðrir þátttakendur rói að því öllum árum að skora sem flest mörk og fá á sig sem fæst. Eitt mark til eða frá á skortöflu breytir ekki þeirri grundvallarnálgun þátttakendanna á leikinn og verður t.a.m. að gera ráð fyrir að lið leitist almennt við að ná jafntefli, ef það er einu marki undir, eða að hafa sigur ef staðan er jöfn.

Þá verður einnig að taka með í matið að leikmenn og aðrir þátttakendur mega gera ráð fyrir því að skortafli sýni ekki rétta stöðu skoraðra marka allan leikinn. Geta margvíslegar ástæður legið að baki því að skortafli sé í ósamræmi við löglega dæmd mörk um lengri eða skemmri tíma, hvort sem er meðan á leik stendur eða í lok hans. Eru þess m.a. þekkt dæmi úr alþjóðlegum keppnum líkt og stjórn HSÍ bendir á í athugasemdum sínum.

Af framangreindu leiðir að mati dómsins að röng skráning á skortöflu leiðir ekki sjálfkrafa til þess að leikur verði endurtekinn. Sýna verður fram á að hin ranga skráning hafi haft áhrif á framgang leiksins og úrslit. Þó ekki sé sjálfgefið að röng skráning á skortöflu hafi áhrif á leikinn verður þó, með hliðsjón af þeim reglum um skráningu marka á skortöflu sem að framan eru raktar þar sem m.a. eru lagðar ríkar skyldur á framkvæmdaaðila leiksins að tryggja rétta skráningu, með vísan til lokaniðurstöðu leiksins þar sem munaði einu marki á liðunum, sem og í ljósi þess að hin ranga staða varði í um þriðjung leiktímans og allt til leiksloka, að telja líkur fyrir því að hin ranga skráning hafi haft áhrif á framgang leiksins. Við þær aðstæður verður að leggja sönnunarbyrði fyrir gagnstæðri niðurstöðu á kærða sem jafnframt var framkvæmdaaðili leiksins. Ber honum að leiða líkur að því að hin ranga skráning hafi ekki haft það afgerandi áhrif á framgang leiksins og

frammistöðu leikmanna og annarra þátttakenda að hún hafi ráðið úrslitum um niðurstöðu leiksins. Kærði hefur í engu leitast við að axla þá sönnunarbyrði.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að líkur séu fyrir því að hin ranga skráning löglegra marka á skortöflu leiksins hafi haft áhrif á úrslit leiksins. Við þær aðstæður ber að fallast á varakröfu kæranda um að leikurinn skuli endurtekinn.

Með hliðsjón af úrslitum málsins er rétt að mati dómsins og með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 45. gr. laga HSÍ að fallast á þá kröfu stjórnar HSÍ að kostnaður sem kann að hljóta af endurtekningu leiksins skuli borinn af kærða.

Ekki eru gerðar kröfur um málskostnað.

### **Úrskurðarorð**

Aðalkröfu kæranda, Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss, um að úrslit leiks Stjörnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna, sem fram fór 28. nóvember 2021, verði leiðrétt og þau ákveðin 29-29, er hafnað.

Leikur Stjörnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna, sem fram fór 28. nóvember 2021, skal leikinn aftur.

Kostnaður af endurtekningu leiksins skal borinn af kærða, Stjörnunni, handknattleiksdeild.

\* \* \*

Grímur Sigurðsson